

Föstudaginn 15. desember 1967.

Nr. 20/1966. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Ingibjörgu Magnúsdóttur
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Stimpilgjald. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962 25. janúar 1966. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í máli þessu og dæmdur málskostnaður úr hennar hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða henni málskostnað hér fyrir dómi, eins og mál þetta væri eigi gjafvarnarmál.

Íbúð sú að Digranesvegi 36, Kópavogi, sem um ræðir í máli þessu, var afhent stefnda upp í búshelming hennar við skipti á félagsbúi hennar og fyrrverandi eiginmanns hennar. Þar sem hér var ekki um sölu að ræða, er yfirlýsing um eignarheimild stefnda undanþegin stimpilgjaldi samkvæmt skýlausum ákvæðum 1. gr. laga nr. 35/1933 um breyting á lögum nr. 75 frá 27. júní 1921 um stimpilgjald. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 10.000.00 í málskostnað, er renni til skipaðs talsmanns hennar hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði

stefnda, Ingibjörgu Magnúsdóttur, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni til skipaðs talsmanns hennar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. september s.l., hefur Ingibjörg Magnúsdóttir, Digranesvegi 36, Kópavogi, hföðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 27. apríl 1965, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu á kr. 3.207.50 með 7% ársvöxtum frá 15 nóvember 1963 til 31. desember 1964, en með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt leyfisbréfi, útgefnu af dómsmálaráðuneytinu hinn 27. nóvember 1963, var stefnanda og eiginmanni hennar, Kristni Ólafssyni, veitt leyfi til algers skilnaðar. Hjónin höfðu áður komið sér saman um skilnaðarskilmála með samningi, dags. hinn 8. nóvember 1963. Samkvæmt ákvæðum samnings þessa var skiptingu eigna hagað þannig, að stefnandi fékk í sinn hlut íbúð búsins í húsinu nr. 36 við Digranesveg, en ágreiningslaust er, að hún hafi verið þinglesin eign mannsins, svo og allt innbú að undanskildum persónulegum munum mannsins. Allar aðrar eignir búsins, „fastar sem lausar“, féllu í hlut mannsins. Jafnframt tók maðurinn að sér að greiða allar skuldir búsins, þar á meðal skuldir, sem hvíldu á íbúðinni. Ekki er í samningnum upptalning á eignum búsins, svo að séð verði, hverjar aðrar eignir hafi verið í búinu en þær, sem hér eru nefndar. Er þinglesin var yfirlýsing hjónanna um, að íbúðin félli í hlut konunnar sem eignarheimild hennar að íbúðinni, var henni gert að greiða þinglýsingar- og stimpilgjald, sem samkvæmt yfirlýsingu lögmanns stefnda við munnlegan flutning málsins var reiknuð þannig: einfalt þinglýsingargjald af fasteignamatsverði helmings íbúðarinnar og stimpilgjald og þinglýsingargjald af fimmföldu fasteignamatsverði hins helmings íbúðarinnar. Var stefnanda þannig gert að greiða kr. 765.00 í þinglýsingargjald og kr. 2.480.00 í stimpilgjald. Var greiðsla gjaldanna innt af hendi með fyrirvara. Bæjarfógetinn í Kópavogi leitaði úrskurðar fjármálaráðuneytisins um gjaldtökuna. Í bréfi, sem hann ritaði ráðuneytinu af því tilefni, kemur

fram, að í sambandi við skiptin hafi engin sala farið fram og að konan hafi átt sem sinn búshelming meiri eignir en sem nemur fasteigninni allri. Ekki breytti ráðuneytið ákvörðun bæjarfógetans um gjaldtökuna.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að gjöld þau, sem henni hafi verið gert að greiða, séu eigi rétt ákvæðin. Er því haldið fram, að hér hafi aðeins verið um að ræða skipti á félagsbúi hjónanna. Hafi hvort þeirra fengið helming eignanna og hafi engin sala farið fram. Samkvæmt 6. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1921 beri stefnanda ekki að greiða stimpilgjald af yfirlýsingu þeirri, sem þinglesin var sem eignarheimild hennar. Ekki beri stefnanda heldur að greiða þinglýsingargjald af yfirlýsingunni sem um afsal væri að ræða samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 40/1954, heldur aðeins gjald fyrir yfirlýsingu.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að rétt hafi verið að farið af hendi umboðsmanns ríkissjóðs, bæjarfógetans í Kópavogi, við heimtu umræddra gjalda. Er því haldið fram, að til þess að unnt sé að beita ákvæði 6. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1921 við búskipti við skilnað hjóna, þá verði að liggja fyrir nákvæm skrá yfir allar eignir og allar skuldir búans og sérstakt mat á eignum, sem erfitt sé að segja um, hvert verðgildi hafi. Þó sé leyfilegt að beita ákvæðinu, þótt nákvæm skrá eða sérstakt mat liggi ekki fyrir í því tilviki, að hvort hjóna fái jafnmikið að fasteignamati af fasteign eða fasteignum. Einnig megi beita ákvæðinu, þegar hjón fái misjafnlega mikið fasteignaverðmæti, að því leyti sem þau fái jafnmikið, en beita verði almennu reglunni um stimpilgjald og þinglýsingargjald afsala um það fasteignaverðmæti, sem annað hjóna fái umfram hitt.

Með dómi, uppkveðnum á bæjarþinginu hinn 5. október s.l., var vísað frá dómi kröfu stefnanda um endurgreiðslu þinglýsingargjaldsins. Var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 3. þ. m. Liggur því nú eingöngu fyrir að leggja dóm á ágreininginn um stimpilgjaldið.

Við úrlausn máls þessa þykir mega byggja á þeirri yfirlýsingu bæjarfógetans í Kópavogi, sem fram kemur í bréfi hans til fjármálaráðuneytisins hinn 18. nóvember 1963, að í sambandi við skiptin hafi engin sala farið fram og að konan hafi átt sem húshelming sinn meiri eignir en sem nemur fasteigninni allri.

Það verður því að telja, að skiptasamningur hjónanna og yfirlýsing sú, sem á honum var byggð, um það, að fasteignin félli í hlut konunnar, og þinglesin var sem eignarheimild hennar, falli

undir ákvæði 6. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1921 um skjöl þau, sem undanþegin eru stimpilgjaldi. Verður stefnda því gert að endurgreiða stefnanda stimpilgjald það, sem henni var gert að greiða af yfirlýsingunni, kr. 2.480.00, og hún innti af hendi með fyrirvara, með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Ingibjörgu Magnúsdóttur, kr. 2.480.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til 1. janúar 1965 og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. desember 1967.

Málið nr. 189/1967. M

gegn

K.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. nóvember 1967. Barst málið Hæstarétti 28. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur, eiðvinning verði eigi látin fram fara og varnaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar úrskurðar héraðsdóms. Þá krefst hún og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.